

Aðalfundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis haldinn í Glerárskóla klukkan 19:30 þann 17. mars 2010.

Mættir: hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis, Fjóla Guðjónsdóttir, Hólmkell Hreinsson, Helgi Pálsson ásamt u.þ.b. 60 manns úr hverfinu.

Fundarefni

Venjuleg aðalfundarstörf

Formaður setur fund

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar

Kosning stjórnar til næstu 2ja ára

1. Ingvar Þóroddsson formaður hverfisnefndar setti fundinn og bauð fólk velkomið. Því næst stakk Ingvar uppá að Berglind Rafnsdóttir yrði fundarstjóri og Brynja Sigurðardóttir ritari, var það samþykkt án athugasemda.
2. Formaður flutti því næst skýrslu stjórnar. Megin verkefni stjórnarinnar á árinu voru undirbúningur og framkvæmd hausthátíðar Glerárskóla í samstarfi við Foreldrafélag Glerárskóla, fyrirspurnir til bæjaryfirvalda og athuganir vegna hjólréiða- og göngustíga í hverfinu. Lausaganga hunda í hverfinu. Eftirlit hverfisnefndar með framkvæmdum við Undirhlíðarreitinn og undirgöngin við Hörgárbraut. Verkefnið Nágrannavörslu frá tryggingarfélaginu Sjóvá í samstarfi við Akureyrarbæ.
3. Formaður sagði frá athugasemd frá hverfisíbúa sem nefndinni barst fyrir stuttu um snjómokstur í hverfinu og snjósöfnun á ákveðnum stöðum, var þar nefnt bensínstöðin N1 sérstaklega. Nefndin mun skoða þetta mál. Fundarmenn komu með tillögur varðandi hausthátíðina hvað varðar hljóðfæraflutning og einnig kom tillaga um að fá heimagerð skemmtiefni eins og gerð eru fyrir þorablót. Nokkrar umræður urðu um hundahald í hverfinu og ýmsar skoðanir komu fram bæði með hundahaldi og á móti. Þá kom fyrirspurn frá fundargesti um hvort afsökunarbréf hefði borist frá skipulagsstjóra í bæjarkerfinu vegna undirgangnanna við Hörgárbraut. Svaraði formaður að þessi beiðni hefði ekki komið til í hans tíð en neikvætt svar kom frá fyrrverandi formaður hverfisnefndarinnar sem var á fundinum.
4. Kosning stjórnar. Ingvar Þóroddsson, Brynja Sigurðardóttir, Berglind Rafnsdóttir og Aldís Einarsdóttir gáfu áfram kost á sér næsta árið. Varamenn verða þeir Eiríkur Jónsson og Guðmundur Geirsson. Pálína Jónsdóttir gaf ekki kost á sér áfram. Fundurinn stakk uppá Valbjörgu Fjólmundsdóttur og var hún kosin til næstu tveggja ára.

Að lokinni kosningu stjórnar voru kaffiveitingar í boði hverfisnefndar.

Fjóla Guðjónsdóttir frá Forvarnarhúsi Sjóvá kemur og kynnir verkefnið Nágrannavörslu

Fjóla fór yfir verkefnið með glærusýningu. Umræður urðu nokkrar um þetta verkefni meðal fundargesta. Ef fundarmenn/hverfisfólk vill frekari upplýsingar um málið er hægt að snúa sér til Fjólu eða á skrifstofu Sjóvá hér á Akureyri. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðuna <http://www.sjova.is>

Hólmkell Hreinsson kynnir stuttlega samfélagshugmyndina slow town Getur þessi hugmynd lagt grunn að enn betri bæ og betra samfélagi?

Hólmkell er búin að koma með þessa samfélagshugmynd á fundi hjá þremur hverfisnefndum á Akureyri. Hann kynnti hugmyndina í orðum og með glærusýningu.

Nokkur umræða varð um málið og sagði Hólmkell meðal annars að hann vildi að íbúar Akureyrar kynntust þessari hugmynd sjálfir en ekki að þetta væri eingöngu stórnásluleg ákvörðun. Spurt var hver reynslan væri af svona slow town. Svaraði Hólmkell því til að þegar þetta var framkvæmt sem stórnásluleg ákvörðun í bæ í Noregi hefði það ekki tekist vel. Þá fékk hann mikið lof fyrir þetta framtak frá fundarmanni. Hann var einnig spurður hvort “Sýkið” væri inni í þessari hugmynd og svaraði hann því til að ef það ætti að halda bæjarímyndinni þá væri svo ekki.

Helgi Pálsson deildarstj. Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar mun skýra frá framkvæmdaáætlun ársins fyrir hverfið og breytingum í sormálum sem fyrirhugaðar eru vorið 2010

Helgi greindi frá framkvæmdum sem væru fyrirhugaðar í hverfinu á árinu. Meðal þess var frágangur við undirgöng við Hörgárbraut, snyrtingar og smávægilegar aðgerðir.

Hraðamælingar verða í hverfinu, þrjár í Holtahverfi og ein í Hlíðahverfi. Var Helgi spurður hvert fólk gæti leitað ef það vildi fá mælingu í götuna sína og benti hann á að hægt væri að hafa samband við Framkvæmdardeildina hjá Akureyrarbæ.

Þá spurði fundarmaður hvort hraðahindranir yrðu settar á “Skarðshlíðarhringinn” svonefndan þetta árið. Svaraði Helgi því til að fé hefði verið skorið niður vegna þessa og hægst hefði á öllum framkvæmdum í þessa átt.

Fundarmaður benti á að við stoppistöð SVA fyrir ofan Bónus/Kristjánsbakarí væru einungis tröppur niður að húsinu og það vantaði úrlausn fyrir t.d. hjólastóla og barnavagna. Ætlar hverfisnefnd að skoða þetta mál nánar.

Sorpmálin að sögn Helga eru í útboði þessa stundina en til greina kemur að taka annaðhvort 2ja eða 3ja tunnu kerfi. Verða útboðin opnuð í byrjun apríl og gengið frá tilboðum í byrjun maí. Kynningarefni verður sent á hvert heimili og byrjar svo Lundarhverfi á að fá tunnur, stefnt er að öll hverfi á Akureyri verði komin með tunnur 1. október 2010.

Góðum fundi var svo slitið 22:15

Ritað 17. mars 2010

Brynja Sigurðardóttir